

272. fundur Skólanefndar FS

13. september 2005



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Garðar Páll Vignisson, Páll Ingólfsson, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Guðbjörg Jónatansdóttir og Jóhann Ingi Sævarsson, Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri og Oddný Harðardóttir skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns skólanefndar.
 2. Upphaf annar og fjöldi nemenda.
 3. Samstarf heimila og skóla og fréttir af foreldrafundi.
 4. Samstarfsnefnd FS.
 5. Samningar um ræstingu og rekstur mötuneytis.
 6. Innkaupakort ríkisins.
 7. Kynningar á vörum og þjónustu innan skólans.
 8. Námsferð til Danmerkur.
 9. Önnur mál.

1. Kosning formanns skólanefndar.

Formaður skólanefndar kosinn. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði formaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2. Upphaf annar og fjöldi nemenda.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar og kynnti tölur um fjölda nemenda. Nemendur eru 938 í dagskóla og 165 í öldungadeild og hefur fjölgað frá síðasta vetri.

3. Samstarf heimila og skóla og fréttir af foreldrafundi.

Skólameistari sagði frá fundi fyrir foreldra nýnema sem haldinn var 5. september. Hún dreifði einnig fréttabréfi sem sent var til foreldra nýnema. Skólameistari sagði einnig frá umsjónarkerfi og hugmyndum um stofnun foreldrafélags.

4. Samstarfsnefnd FS.

Skólameistari sagði frá nýjum kjarasamningum og breytingum sem þeir munu hafa í för með sér á störfum kennara. Samstarfsnefnd skólans og kennara mun stýra þeim breytingum. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri verða fulltrúar skólans í nefndinni. Lagt til að Kristbjörn Albertsson, Ingimundur Þ. Guðnason og Páll Ingólfsson verði varamenn þeirra. Samþykkt samhljóða.

5. Samningar um ræstingu og rekstur mötuneytis.

Skólameistari sagði frá því að samið var við ISS ehf. Ísland um ræstingu og Ingurnar ehf. um rekstur mötuneytis.

6. Innkaupakort ríkisins.

Fjármálastjóri kynnti innkaupakort ríkisins sem innleitt var í skólanum í haust. Kortið á að gera innkaupaferli einfaldari og skilvirkari og auðvelda bókhald.

7. Kynningar á vörum og þjónustu innan skólans.

Skólameistari ræddi um kynningar fyrirtækja innan skólans. Hingað til hefur verið leyft að kynna bankaþjónustu en nefndarmenn töldu rétt að leyfa engar kynningar frá bönkunum eða öðrum fyrirtækjum. Skólanefnd samþykkir að engar auglýsingar eða kynningar verði leyfðar innan skólans frá utanaðkomandi aðilum.

8. Námsferð til Danmerkur.

Skólameistari sagði frá fyrirhugaðri námsferð starfsfólks til Danmerkur í haustfríi í lok október.

9. Önnur mál.

- a) Spurt um kennslu í Grindavík í öldungadeild. Ekki var nóg þátttaka til að halda þar úti kennslu á þessari önn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Nemendur FS 2005

	Vor	Haust
Dagskólanemendur	838	938
Öldungadeild	143	165
Samtals:	981	1103

	Vor	Haust
Nemendur fæddir eftir 1984	617	787
Nemendur fæddir 1984 - 1940	364	316
Undir 18 ára:	488	491

Konur	514	592
Karlar	467	511

Útskriftarefni	92	43
----------------	----	----

Dagskólanemendur eftir byggðalögum

	Vor	Haust
Garður	61	67
Grindavík	109	117
Reykjanesbær	546	605
Sandgerði	65	80
Vogar	35	37
Annað	22	32

Allir nemendur eftir námsbrautum

	Vor	Haust
Almenn braut fornám	29	36
Almenn braut	247	213
Stúdentsbrautir	411	485
Afreksfólk í íþróttum		32
Iðnnám	130	153
Starfsnám	157	178
Listnámsbraut	23	42
Iðnmeistaránám	18	16
Starfsbraut, nem. með sérþarfir	23	22
	1038	1177
Nemendur á tveimur brautum	57	74

Kórar FS

Við skólann eru starfræktir tveir kórar. Kórstarfið fer í gang á næstu dögum. Bendið börnum ykkar á að fylgjast með auglýsingum um hvernig og hvar á að skrá sig í kór.

Hautfrí

Hautfrí verður í skólanum dagana 27. og 28. október.

Opinn dagur

Opinn dagur verður í skólanum laugardaginn 22. október. Þann dag verður skólinn öllum opinn og munu nemendur og starfsfólk taka vel á móti gestum. Foreldrar nemenda eru boðnir sérstaklega velkomnir og hvattir til að taka þátt í dagskránni með okkur.

Próf

Lokapróf hefst 1. desember og þeim lýkur 14. desember með sjúkraprófi. Prófsýning og einkunnaafhending verður 15. desember og útskrift þann 17. desember kl. 14:00.

Námsframboð Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Námsbrautir	Námstími
Almenn braut 1 og 2	2-4 annir
Almenn braut - fornám	2 annir
Félagsfræðibraut	8 annir
Flugþjónustubraut	7 annir
Grunndeild rafiðna	2 annir
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	1 önn
Hársnyrtibraut, fyrri hluti	2 annir
Húsasmiði	9 annir
Íþróttabraut	4 annir
Listnámsbraut	6 annir
Málabraut	8 annir
Málmiðngreinar	4 annir
Náttúrufræðibraut	8 annir
Netagerð	9 annir
Rafvirkjun, verknámsbraut	8 annir
Stúdentsnám fyrir afreksfólk í íþróttum	8 annir
Sjúkraliðabraut	7 annir
Skólaliðabraut	4 annir
Starfsbraut, nemendur með sérþarfir	8 annir
Tölvufræðibraut	6 annir
Uppeldisbraut	4 annir
Vélavárðarnám	1 önn
Vélstjórnarbraut 2. stigs	4 annir
Viðskiptabraut	4 annir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36

230 Reykjanesbær

Heimasíða: www.fss.is

Sími: 42 13100



Fjölbrautaskóli Suðurnesja
virðing, samvinna, árangur

Fréttabréf til foreldra
yngri nemenda
haustönn 2005

Foreldrar nýnema (f. '89) athugið!
Fundur með stjórnendum, námsráðgjöfum
og umsjónarkennurum verður haldinn á sal
skólans mánudaginn
5. september kl. 20:00

Ágætu foreldrar/forráðamenn 16 – 18 ára nemenda FS

Meginhlutverk Fjölbautaskóla Suðurnesja er að búa nemendur sína undir líf, starf og frekara nám. Til að uppfylla þetta hlutverk er í skólanum lögð áhersla á sérhæfingu einstakra námsbrauta en einnig á almenna menntun og félagslegt uppeldi. Starfsmenn skólans leitast við að skapa gott námsumhverfi sem hvetur nemendur til að leggja sig fram. Vinnuandinn skiptir okkur miklu máli og í Fjölbautaskóla Suðurnesja er unnið að því að virðing, samvinna og árangur einkenni skólastarfið.

Sterk tengsl eru á milli mætinga og námsárangurs. Nemendur sem mæta vel í kennslustundir eru mun líklegri en hinir til að standast próf. Bréf með upplýsingum um mætingar barna ykkar verða send út þrisvar á önninni og miðannarmat sent með mætingayfirliti um miðja önn. Nýjar mætingareglur hafa nú tekið gildi. Meginreglan er sú að nemendur mæta í allar kennslustundir en forráðamenn yngri nemenda hringja á skrifstofu skólans milli kl. 8:00 og 9:00 og láta vita ef um veikindi er að ræða. Eldri nemendur hringja sjálfir og láta vita um veikindi sín. Sækja þarf um leyfi til að fara t.d. til læknis, taka bílpróf o.s.frv. Mætingastjóri skólans, Þórunn Friðriksdóttir, mun hafa samband við foreldra ef í ljós kemur að börn þeirra virða ekki reglurnar. Mögulegt er að sækja um undanþágu frá mætingareglunum til aðstoðarskólameistara. Kynnið ykkur vel mætingareglurnar á heimasíðunni www.fss.is.

Nemandi sem fellur í áfanga eða hættir án þess að taka próf þarf að greiða svokallað endurinnritunargjald, 500 kr. á hverja námseiningu. Nemendur sem vinna með skóla eru oft þreyttir í kennslustundum og fylgjast illa með. Við heimaverkefni hrjáir þá einnig tímaskortur. Þetta eykur hættu á því að námsmarkmið náist ekki. Falli nemandi tefur það útskrift og veldur því að hann fer seinna út á vinnumarkað, fullnuma. Fjárhagslegt tap er því mikið. Ef börn ykkar fara fram á að vinna með námi er mikilvægt að reikna dæmið til enda og meta að því loknu hvort vinnan sé í raun nauðsynleg.

Skólagangan er samvinnuverkefni okkar og ykkar, foreldranna. Hluti af sjálfstæðisbaráttu ungmenna á framhaldsskólaaldri birtist stundum í því að halda skólanum sem mest frá foreldrum. Þó að við skiljum þessa tilhneigingu hvetjum við ykkur til afskiptasemi! Í skólakerfinu INNU getið þið fylgst með mætingum með því að slá inn notandanafn og lykilorð sem límt er framan á forsiðu fréttabréfsins.

Með þessu fréttabréfi fylgir einnig yfirlit yfir viðtals- og stoðtíma allra kennara skólans.

Í anda samvinnu um námsárangur barna ykkar hvet ég ykkur til að hafa samband við okkur, hvort sem það er við námsráðgjafa, kennara eða stjórnendur, ef einhverjar spurningar vakna.

Með von um gott samstarf á haustönn 2005,

Oddný Harðardóttir
skólameistari

Fjöldi nemenda

Í Fjölbautaskóla Suðurnesja eru 955 nemendur í dagskóla og þar af eru 489 ósjálfráða nemendur eða nemendur undir 18 ára aldri. Um 170 stunda nám við öldungadeild skólans en kennsla fer þar fram milli kl. 18:00 og 20:00 mánudaga – fimmtudaga.

Umsjón

Allir nemendur skólans eru í umsjón. Kennarar hitta umsjónarnemendur sína sjö sinnum á þessari önn þ.e. annan hvern föstudag. Umsjónarkennarar gera námsferilsáætlanir með nemendum, aðstoða þá við val á áföngum fyrir næstu önn og koma til þeirra ýmsum skilaboðum um skólastarfið. Mætingarskylda er í umsjónartíma. Þann 25. október lýkur vaktímabilinu og þá þurfa allir sem hyggjast stunda nám við skólann á vorönn 2005 að vera búinir að velja sér námsáfanga.

Úrsögn úr áfanga

Nemendur sem ætla að segja sig úr áfanga verða að gera það í síðasta lagi föstudaginn 2. september. Ef þeir gera það ekki er lítið svo á að þeir hafi skuldbundið sig til að mæta í alla áfanga sem eru í stundatöflunni alla önnina og taka próf. Ef nemendur hætta að mæta en segja sig ekki úr áfanga eru skráðar á þá fjarvistir með vöndum afleiðingum. Þegar nemendur segja sig úr áfanga verða þeir að gera það hjá áfangastjóra eða ráðgjöfum. Ekki er nóg að láta kennara vita.

Persónuleg aðstoð

Auk aðstoðar við námsval hefur skólinn aðgang að sálfræðiráðgjöf sem námsráðgjafinn Elín R. Ólafsdóttir hefur milligöngu um. Hjúkrunarfræðingurinn Elín Jakobsdóttir er til viðtals í skólanum alla fimmtudaga kl. 11 – 13. Þær greiða úr þeim málum sem nemendur koma með til þeirra; annað hvort sjálfar eða með því að vísa nemendum á aðra fagaðila.

Stoðtímar

Stoðtímar eru mánudaga – fimmtudaga kl. 11:05-11:45. Þá eru kennarar í kennslustofum og aðstoða nemendur sem koma til þeirra. Þannig getur nemandi sem á t.d. í erfiðleikum með stærðfræði eða þýsku bætt við sig kennslustundum í þeim fögum. Stoðtímumun má líkja við ókeypis einkatíma. Hvetjið börn ykkar til að nýta sér þennan möguleika.

Forvarnarvika

Áætlað er að forvarnarvika verði í skólanum dagana 3. – 7. október. Þá verða ýmsir atburðir í skólanum tengdir forvörnum. Forvarnarvikunni lýkur með glæsiballi í skólanum sem útskriftarnemendur sjá um. Mikilvægt er að öllum sé ljóst að ef nemandi er uppvís að því að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna innan veggja skólans verður honum umsvifalaust víkið úr skóla. Þetta á einnig við þó að um dansleik sé að ræða. Viðtalstími Kolbrúnar Mareldóttur forvarnarfulltrúa er á mánudögum kl. 11:05 – 12:00. Hún aðstoðar nemendur og foreldra við lausn vandamála tengd vímuefnaneyslu og átröskunum.

Göngudagur

Á haustönn er svokallaður göngudagur þar sem starfsólk og nemendur fara í óvissugönguferð einhvers staðar á Reykjanesskaga. Áætlað er að fara í göngu í vikunni 12. – 16. september. Tilkynt er um gönguferðina með eins dags fyrirvara og ekið með rútum að upphafsstað göngunnar og þá fyrst kemur í ljós hvert ferðinni er heitið. Á áfangastað er farið í leiki og boðið í grillveislu.

Stoðtímar kennara haust 2005

Kennari		Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.
Anna K Taylor	ÞÝS/ISL		108	108	
Axel Gísli Sigurbjörnsson	ENS	326	326	326	
Atli Þorsteinsson	FÉL/SAM		325		325
Ása Einarisdóttir	HJÚ/SÝK/HJV		231		231
Björn Sturlaugsson	TEH/UTN	204		204	215
Bragi Einarsson	UTN/MYN	301	131	103	
Daníel Símon Galvez	TÖL/STÆ		110		
Einar Valgeir Arason	SÁL		220	220	220/11:05-11:25
Einar Trausti Óskarsson	SPÆ		201	201	201
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAG/SAM	325		325	
Guðmundur G. Karlsson	NÁT/EFN/STÆ	335			335
Gunnar Valdimarsson	TRÉ		121		
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆ	210	210		
Hanna María Kristjánsd	SAM/STÆ	325		325	325
Hans Uwe Vollertsen	DAN	322	322	322	
Haukur Viðar Ægisson	NÁT/LÍF/STÆ	331	331	331	
Hildur Björg Bæringsd.	STÆ/REK/ÞJÓ	131		213	
Hlynur Svavarsson	VI/STÆ		210		210
Hrönn Arnarsdóttir	ÍSL/SAM	325	325	325/11:05-11:25	
Hulda Egilsdóttir	ÍSL		207	207	207/11:05-11:37
Hörður Ragnarsson	BÓK		202	202/11:25-11:45	
Ingunn Þ. Magnúsdóttir	SAG		222	222/11:05-11:25	
Íris Jónsdóttir	ITH/MYN	301	301		
Ívar Valbergsson	Vél/Foh			124	
Jórunn Tómasdóttir	FRA/ÍSL		205	205	205/11:05-11:25
Karen E. Arason	ENS	203/11:05-11:25	203	203	
Katrín Sigurðardóttir	THL	104			104
Kristjana H. Gunnarsdóttir	ÞPR				
Kristján Jóhannesson	MÁL		122	122/11:05-11:25	
Kristrún Guðmundsdóttir	ÍSL		213	324	
Leifur Ísaksson	GRT				204
Magnús Ó. Ingvarsson	STÆ			210	210
Magnús S. Guðmundsson	Töl/Ístir	301	301		131
Marta G. Jóhannessd.	ÍSL/DAN	209	209	209/11:05-11:25	
Ólafur Sigurðsson	RAF	106	106	106	
Ragnheiður Gunnarsdóttir	STÆ	208		208	208/11:25-11:45
Ragnheiður Á. Þorv	STÆ/EDL/NÁT	330	331	331	
Rósa Sigurðardóttir	DAN	321	321	321	
Sara Harðardóttir	ENS		329	329	329/11:05-11:25
Sigrún B. Gunnarsdóttir	ENS		323	323	323/11:25-11:45
Sólveig Björk Granz	HJÚ/SJÚ		217		217
Sturlaugur Ólafsson	TRÉ	114			
Svava Jóhannessdóttir	HÁR			102	
Sveinn Ernstsson	NÁT	335		335	
Veska Andrea Jónsdóttir	ÞÝS	324	324/11:25-11:45		324
Vilhjálmur Gunnarsson	RAF		105		
Þorbjörg Garðarsdóttir	UTN	215		215	
Þorvaldur Sigurðsson	ÍSL	211	211/11:05-11:25		211
Þórunn Friðriksdóttir	SAM/FÉL		325	325	
Þórunn Jónsdóttir	ÍSL	209	209/11:05-11:25	209	
Ægir Sigurðsson	LAN/JAR/NÁT	333	333	333	
Ægir Karl Ægisson	SÁL/SAG		210		210
Kennari	Stofa	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.

Viðtalstímar kennara haust 2005

Kennari		Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Anna Lea Björnsdóttir	ÍPR			9:00-9:40		
Anna Taylor Karlsd	PÝS/SL		12:15-12:55			
Atli Þorsteinsson	SAG		13:15-13:55			
Axel Gísli Sigurbjörnsson	ENS				13:15-13:55	
Ása Einarisd	HJÚ/HJW/SÝK		10:05 - 11:45			
Björn Sturlaugsson	TEI					9:00-9:40
Bragi Einarsson	FJÖ				11:05-11:45	
Danfel Símon Calvez	TÖL	11:05 - 11:45				
Einar Valgeir Arason	SÁL	11:05-11:45				
Einar Trausti Óskarsson	SPÆ	11:05-11:45				
Garðar Þór Garðarsson	RAF					9:00-9:40
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAG/SAM		11:05-11:45			
Guðmundur Grétar Karlss	NÁT/EFN				12:15 -12:55	
Guðni Kjartansson	ÍPR	10:05-10:45				
Gunnar M. Jónsson	ÍPR		9:00-9:40			
Gunnar Valdimarsson	EFB/ITB	11:05-11:45				
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆ	10:05-10:45				
Hanna María Kristjánsd	SAM/STÆ					10:05-10:45
Hans Uwe Vollertsen	DAN				11:05-11:45	
Haukur Viðar Ægisson	NÁT/LIF				13:15-13:55	
Hildur Björg Bæringsd.	STÆ/REK/ÞJÓ				13:15-13:55	
Hrónn Amarsdóttir	ÍSL/SAM			11:05-11:45		
Hulda Egilsdóttir	ÍSL	10:05-10:45				
Hörður Ragnarsson	BÓK	13:15-13:55				
Ingunn P. Magnúsdóttir	SAG				10:05-10:45	
Íris Jónsdóttir	MYN/ITH					10:05-10:45
Ívar Valbergsson	Vé/Fch					10:05-10:45
Hlynur Ó. Svavarsson	STÆ/VI		12:15-12:55			
Jórunn Tómasdóttir	FRA/ÍSL	11:05-11:45				
Karen E. Arason	- - ENS - -	10:05-10:45				
Katrín Sigurðardóttir	THL		11:00-11:40			
Kolbrún Marelsdóttir	Sérdeild				11:05-11:45	
Kristjana Gunnarsdóttir	ÍPR	12:35-13:15				
Kristján Jóhannesson	SM/MLS/RAF	9:00-9:40				
Kristrún Guðmundsdóttir	FORNÁM/ÍSL	11:05-11:45				
Lárus Pálmason	NETAGERÐ		11:05-11:45			
Leifur Ísaksson	GRT		11:05-11:45			
Magnús Ó. Ingvarsson	STÆ	14:20-15:00	11:05-11:45			
Magnús S. Guðmundsson	TÖVlistir	14:20-15:00				
Marta Jóhannesdóttir	DAN/ÍSL	12:15-12:55				
Ólafur Sigurðsson	RAF	8.00-8:40				
Ragnheiður Gunnarsdóttir	STÆ				11:05-11:45	
Ragnheiður Á. Þorv	STÆ/EDL				11:05-11:45	
Rósa Sigurðardóttir	DAN				11:05-11:45	
Sara Harðardóttir	ENS				10:05-10:45	
Signún Bryndís Gunnarsd	ENS				9:00-9:40	
Sólveig Björk Granz	HJÚ/SJÚ	11:05-11:45				
Sturla Bragason		Alla daga samkvæmt samkomulagi				
Sturlaugur Ólafsson	VGT/VTB				11:05-11:45	
Svava Jóhannesdóttir	HÁR					11:05-11:45
Sveinn Ernstson	Lif / Nát		14:20-15:00			
Veska Andrea Jónsdóttir	ENS/PÝS/ISA				9:00-9:40	
Vilhjálmur Gunnarsson	Raf		12:15-12:55			
Þorbjörg Garðarsdóttir	UTN					13:15-13:55
Þorvaldur Sigurðsson	ÍSL	10:05-10:45				
Þórunn Friðriksdóttir	SAM/FÉL				9:00-9:45	
Þórunn Jónsdóttir	ÍSL			14:20-15:00		
Ægir Sigurðsson	LAN/JAR/NÁT			13:15 - 13:55		
Ægir Karl Ægisson	SAG/SÁL		12:30 - 13:10			
Kennari	Stofa	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.

Samantekt á meginatriðum nýs kjarasamnings KÍ/framhaldsskóla 2005-2008

Markmið og gildistími

Í kjarasamningsmarkmiðum (bls. 1-2) er m.a. kveðið á um að haldið verði á sömu braut og mörkuð var í síðasta kjarasamningi um að efla innra starf í skólum og sjálfsmat til að bæta nám og kennslu. Áhersla er lögð á að efla sveigjanleika í starfi skóla, færa samningagerð nær vettvangi og að styrkja starfsmannastefnu í skólum.

Gildistími kjism er frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2008 (1. gr.)

Um kostnaðarmat og launahækkanir skv. kjarasamningi KÍ framhaldsskóla 2005-2008

- Laun félagsmanna KÍ í framhaldsskólum hækka um 7,07% frá 1. febrúar 2005. Launatafla hækkar um 2,50% 1. janúar 2006. Heildarhækkun launa frá 1. febrúar 2005 fram til 1. maí 2006 er 9.75%.
- Ný launatafla og nýtt launakerfi tekur gildi 1. maí 2006 með 3,8% hækkun.
- Launatafla hækkar um 2,25% 1. janúar 2007. Þróun og samræming stofnanasamninga 1. maí 2007 gefur 2,4% hækkun.
- Launatafla hækkar um 2% 1. janúar 2008.
- Meðallaunahækkun á samningstímanum er á bilinu 21-22%, auk viðbótarfjármagns frá menntamálaráðherra til að styrkja umbótastarf í skólum á árinu 2006 og 2007.

Athuga ber að skipting/dreifing launahækkana vegna nýrrar launatöflu/kerfisbreytinga (1. maí 2006) og viðbótarfjármagn frá menntamálaráðherra til umbótastarfs í skólum (á árinu 2006 og 2007) verður breytileg bæði vegna áhrifa kerfisbreytingar og vegna mismunandi áherslna í gerð stofnanasamninga í hverjum framhaldsskóla á grundvelli ákvarðana (nýrra) samstarfsnefnda sem skipaðar verða 1. ágúst 2005 (sjá fylgiskjal 1 og 2). Tryggt skal að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu vegna yfírfærslu í nýtt launakerfi.

Auk framangreinds inniheldur samningurinn eftirfarandi: Hækkun á persónuuppbót sbr. 3. grein, hækkun á orlofsuppbót sbr. 4. grein, eingreiðslu samtals 20.000 kr. vegna desember 2004 (sjá bókun 3) og janúar 2005 og 3 námsorlof til viðbótar gr. 10.2.2 í kjarasamningi (rauðu bókinni).

Röðun starfa og mat álags

- Í nýrri launatöflu og launakerfi sem tekur gildi 1. maí 2006 er störfum raðað til launaflokka miðað við verkefni, skyldur og færni (kunnátta/sérhæfing) sem þarf til að geta leyst þau af hendi (sbr. gr. 1.2.1 og gr. 11.3.1). Einnig er kveðið á um launaröðun vegna persónu- og tímabundinna álagsþátta (sbr. gr. 1.2.2 og gr. 11.3.2).
- Samstarfsnefndir skóla gera stofnanasamninga um útfærslu á þessum gr. í kjarasamningi. Stofnanasamningar samkvæmt nýrri launatöflu og nýju launakerfi taka gildi í skólum frá 1. maí 2006 (sjá fylgiskjal 1 og 2). Einstakir skólar hafa val um að vera í nýju launakerfi eða því eldra (núverandi) með atkvæðagreiðslu (sjá fylgiskjal 3).
- Samningsaðilar eru sammála um sýnidæmi um stofnanasamning í skólum (sjá viðauka 1 með kjsm) sem felur í sér yfirfærslu launaröðunartilefna úr eldri kjarasamningi yfir í stofnanasamning frá 1. maí 2006 (sjá sýnidæmi um stofnanasamning í viðauka 1). Samin hefur verið starfaflokkun fyrir kennara, námsráðgjafa og stjórnendur. Störfum er raðað á lóðréttan ás en persónu- og tímabundnum álagsþáttum á láréttan ás (sjá nýja launatöflu). Byggt er á þeirri hugsun að samhliða því að vaxa í starfi og öðlast meiri færni vegna menntunar og reynslu og fleiri þátta hækki viðkomandi í launum vegna starfsþróunar og framgangs í starfi.
- Sérstök tímabundin umbun (gr. 1.3). Varast ber að blanda þessu saman við hækkanir í kjsm. Ekki eru veittir sérstakir fjármunir til skóla til að framkvæma þetta ákvæði.

Stofnanabáttur og samstarfsnefndir (11. kafli sem tekur gildi 1. maí 2006)

- Miklar breytingar eru á 11. kaflanum miðað við eldri samning. Kveðið er á um fræðslu fyrir samstarfsnefndir skóla og ráðgjafarteymi fyrir samstarfsnefndir (sjá fylgiskjal 2) og um sáttanefnd (sbr. gr. 11.5).
- Um skilgreiningar, markmið, gerð og framkvæmd stofnanasamninga er fjallað í gr. 11.1 – 11.3.
- Um skipan, hlutverk og starfshætti samstarfsnefnda er fjallað í gr. 11.4.

Vinnutími

- Engar breytingar eru á ákvæðum 1. kafla kjarasamnings um tímakaup í dagvinnu, yfirvinnu, álagsgreiðslur, vaktaálag, greiðslur fyrir eyður í stundaskrá og skilgreining yfirvinnustunda eru óbreytt, sjá bls. 4 -5.
- Ákvæði um árlegan starfstíma skóla er skýrt betur til að koma í veg fyrir misskilning en engar breytingar eru gerðar á starfstímanum (sjá gr. 2.1.5.1).
- Samkomulag sem var í Viðauka 1 í eldri kjsm um greiðslufyrirkomulag stundaskrárbundinnar yfirvinnu hefur verið fellt niður og í gr. 2.3.6 í nýjum kjsm er að finna ákvæði um greiðslu fastrar yfirvinnu.
- Tímabil sumarorlofs (6. gr.) verður frá 1. maí - 15. september og tekur gildi 1. maí 2006. Í eldri samningi var tímabil sumarorlofs frá 1. maí - 30. apríl.

Breytingar á 1. og 11. kafla



- Gera skal stofnanasamning í hverjum framhaldsskóla við félagsmenn KÍ.
- Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi.
- Stofnanasamningur er samningur milli stofnunar og stéttarfélags sbr. nánar gr. 11.1.1.
- Samstarfsnefnd skipuð 3 fulltrúum frá hvorum aðila annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3
- Samstarfsnefndir fá upplýsingar um launasetningu starfsmanna á viðkomandi stofnun.

11

Breytingar á 1. og 11. kafla



- Takist ekki að gera stofnanasamning skv. kafla 11.3 skal vísa málinu til sáttanefndar.
- Sáttanefnd er skipuð 3 fulltrúum frá fjármálaráðuneyti og 3 fulltrúum frá KÍ.
- Sáttanefnd fjallar um mál er varða stefnumarkandi túlkanir og álitaefni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.

12

Nýtt launakerfi – Ný launatafla



- Yfirfærsla í nýja launatöflu er gerð á grundvelli stofnanasamnings hvers skóla.
- Ný launatafla (sameiginleg með BHM) án lífaldursþrepa tekur við af eldri launatöflu og launarömmum 1. maí 2006.
- Nýja taflan hefur 5% bil á milli flokka (lóðrétt) og átta 2,5% álagsbil (lárétt).
- Launahækkarnir 1. maí 2006 og 2007 framkallast ekki við hækkarnir á launatöflu. Mismunandi áherslur samstarfsnefnda í hverjum skóla ráða því hvernig hækkarnir dreifast.
- Við upptöku á nýrri launatöflu er áskilið að enginn megi lækka í dagvinnulaunum.
- Viðauki 1 er sameiginleg sýn aðila á það hvernig hægt er að byggja upp stofnanasamning og raða inn í nýja launatöflu.

13

Nýtt launakerfi – Ný launatafla



- Helstu drættir í Viðauka 1:
 - Í 1. kafla er fjallað um flokkun og skilgreiningar starfa eftir eðli starfs og viðfangi.
 - Kennarar: Kennari 1 – Kennari 2 – Kennari 3
 - Náms- og starfsráðgjafar
 - Stjórnendur
 - Í 2. kafla er fjallað um röðun starfa í launaflokka (lóðrétt grunnröðun).
 - Í 3. kafla er fjallað um viðmið fyrir frekari röðun í launaflokka (lóðrétt röðun).
 - Í 4. kafla er fjallað um viðmið um notkun álagsþátta (lárétt röðun)

14

Nánar um Viðauka 1 og stofnanasamninga



- Tillögur um grunnröðun starfa í launaflokka byggja á gr. 1.2.1 um að meta þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Skilgreiningar t.d. á kennara 1, kennara 2 og kennara 3 sýna hugmyndir samningsaðila um útfærslu á þessari grein.

15

Flokkun starfa eftir eðli starfs og viðfangi



- **Kennari 1** – Kennarinn hefur með höndum skipulagningu kennslu, námsmat og upplýsingagjöf í samræmi við starfsskyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum og tekur þátt í innra starfi. Grunnröðun í launaflokk 2.
- **Kennari 2** – Kennari sem hefur aflað sér reynslu í starfi. Hann hefur tekið virkan þátt í endurmenntun og er vel heima í þróun sinnar faggreinar. Hann sinnir samstarfi innan síns skóla svo sem innan deildar og milli deilda og við þróun og viðhald skólanámskrár í sinni grein og er fær um að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum, svo sem faglegri stjórnun og verkefnum í innra starfi skólans. Grunnröðun í launaflokk 4.

16

Flokkun starfa eftir eðli starfs og viðfangi



- **Kennari 3** – Kennari, sem vegna reynslu sinnar og menntunar, getur veitt ráðgjöf og leiðsögn til nýliða, samkennara, verið stjórnendum til ráðuneytis um ýmis málefni skólans. Hann hefur staðgóða reynslu af samningu kennslugagna og leiðbeininga, yfirsýn yfir málefni kennslugreina sinna og heildaryfirsýn yfir starfsemi síns skóla. Hann er fær um að leiða/taka þátt í umræðu/starfi, svo sem varðandi skipulag endurmenntunar, starfsþróunar og framtíðaráætlaða stofnunarinnar. Hann er hæfur til að taka að sér stjórnun. Grunnröðun í launaflokk 7.

17

Nánar um Viðauka 1 og stofnanasamninga



- Viðmið um frekari röðun kennara í launaflokka (lóðrétt) eru t.d. kennsluréttindi, verkefnisstjórn, starfsreynsla og hæfnismat.
- Viðmið um mat á láréttri röðun eru svo dæmi séu tekin viðbótarmenntun, endurmenntun, starfsreynsla og sérstök verkefni.
- Bæði lóðrétt og lárétt launaröðun getur ýmist verið varanleg eða tímabundin.

18

Viðmið fyrir frekari röðun í launaflokka (Lóðrétt röðun)



- Kjarasamningurinn gerir ráð fyrir að hver starfsflokkur spanni fleiri launaflokka og starfsmaður geti bætt við sig launaflokkum innan sama starfsheiti.
- **Kennsluréttindi**
 - Kennara með kennsluréttindi er ráðað a.m.k. launaflokki hærra en ella.
- **Verkefnisstjórn**
 - Ef kennara er falið tímabundið að gegna sérstökum verkefnum jafnhliða kennslu getur hann ráðast hærra en ella á meðan hann gegnir þeim.

19

Viðmið fyrir frekari röðun í launaflokka (Lóðrétt röðun)



- **Starfsreynsla**
- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 1 skal viðkomandi ráðast betur en ella.
- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 2 skal viðkomandi ráðast betur en ella.
- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 3 skal viðkomandi ráðast betur en ella.
- Kennari sem ráðast sem kennari 3 og hefur haft viðbótarlaunasetningu vegna sérstakra verkefna og gegnt þeim í a.m.k. 5 ár, njóti þeirrar reynslu í launasetningu.

20

Hæfnismat



- Ekki síðar en eftir 5 ára starf sem kennari 1 á viðkomandi rétt á mati samstarfsnefndar á hæfni sinni til ráðningar sem kennari 2. Verði slíkt mat neikvætt á hann rétt á endurmati að ári.
- Ekki síðar en eftir 5 ára starf sem kennari 2 á viðkomandi rétt á mati samstarfsnefndar á hæfni sinni til ráðningar sem kennari 3. Verði slíkt mat neikvætt á hann rétt á endurmati að ári.
- Áskilið er að í viðkomandi skóla liggi fyrir viðurkenndar forsendur/matskerfi til að meta umrædda hæfni. Sé slíkt matskerfi ekki fyrir hendi eða verði ágreiningur um matið skal vísa málinu til sáttanefndar skv. kjarasamningi.

21

Sérstök tímabundin umbun samkvæmt 1.3.1



- Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggjast á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.

22